

## VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 248, 8. maí 1996,  
um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1996.**

### 1. gr.

Aftan við reglugerðina bætist ný grein er orðist svo:

Fiskistofa skal eftir 25. júní 1996, sbr. 4. og 5. mgr. 3. gr., úthluta 18.000 lestum til þeirra hringnótaskipa, sem þann dag hafa landað meiri afla en sem nemur helmingi þess aflahámarks, sem viðkomandi skipi var úthlutað í maí 1996. Um þessa úthlutun gilda reglur lokamálsliðar 1. mgr. 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er útgerðum síldarskipa heimilt með tilkynningu til Fiskistofu að flytja eftirstöðvar aflahámarks til annarra skipa, sem leyfi hafa til síldveiða, enda séu þær eftirstöðvar ekki meiri en sem nemur hálfum mesta síldarfarmi þess, það sem af er síldarvertíðinni, er reglugerðin tekur gildi.

Fiskistofu er heimilt með tilkynningu til útgerða fiskiskipa að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þegar heildaraflí vertíðarinnar nemur sem næst 190.000 lestum og eru síldveiðar eftir þann tíma óheimilar úr þeim stofni.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 37, 14. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992,  
um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum,  
með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Með reglugerð þessari er felld niður 2., 10. og 11. gr. reglugerðarinnar.

### 2. gr.

Í stað: „Ríkismats sjávarafurða“ í 2. mgr. 7. gr. komi: Fiskistofu.

### 3. gr.

Í stað: „kr. 10.000,00“ í síðasta málslið 9. gr. komi: kr. 14.200.